

Skýrsla stjórnar SO 2018-2020

Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga var haldinn 10. október 2018. Á þeim fundi voru eftirfarandi kjörin í stjórn samtakanna til tveggja ára.

Stefán Bogi Sveinsson, Fljótsdalshéraði, formaður
Árni Eiríksson, Flóahreppi
Ása Valdís Árnadóttir, Grímsnes- og Grafningshreppi
Dagbjört Jónsdóttir, Þingeyjarsveit
Jóhann Friðrik Friðriksson, Reykjanesbæ,
Ragnhildur Haraldsdóttir, Húnavatnshreppi
Skarphéðinn Orri Björnsson, Hafnarfjarðarkaupstað

Varastjórn

Þorsteinn Gunnarsson, Skútustaðahreppi
Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Ásahreppi
Valdimar O. Hermannsson, Blönduósbæ
Aðalheiður Borgþórsdóttir, Seyðisfjarðarkaupstað

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar var Árni Eiríksson kjörinn varaformaður stjórnar og samþykkt að starfsmaður samtakanna sinni verkefnum gjaldkera og ritara.

Stjórn hefur fundað 9 sinnum á starfstímabilinu og eru fundargerðir hennar aðgengilegar á heimasíðunni www.orkusveitarfelog.is þar sem einnig er að finna samþykktir samtakanna og aðrar upplýsingar um starfsemi þeirra.

Af stjórnarmönnum þá lét Þorsteinn Gunnarsson af störfum sem sveitarstjóri Skútustaðahrepps á árinu og missti þar með kjörgengi til setu í stjórn SO. Við sameiningu sveitarfélaga á Austurlandi í byrjun október lét Aðalheiður Borgþórsdóttir einnig af störfum sem bæjarstjóri Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Fyrirkomulag starfseminnar

SO eru með samning við Samband sveitarfélaga um bókhald, aðgang að starfsmanni til að sinna verkefnum samtakanna og annað það sem tilheyrir starfsemi þeirra. Í upphafi starfstímans var Helga Guðrún Jónasdóttir, samskiptastjóri Sambandsins, starfsmaður samtakanna. Hún lét af störfum um mitt ár 2019 og við verkefnum hennar fyrir SO tók Valgerður Freyja Ágústsdóttir, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði Sambandsins, en hún sinnir einnig sambærilegum verkefnum fyrir Samtök sjávarútvegssveitarfélaga.

Stefnumörkun stjórnar

Formaður hefur lagt á það áherslu að eitt af föstum verkefnum stjórnar sé að fara yfir og uppfæra stefnumörkun stjórnar samtakanna. Stefnumörkunin var yfirfarin, tók nokkrum breytingum og var samþykkt á fundi stjórnar í maí 2019. Það verður að viðurkennast að skort hefur á markvissa eftirfylgni sumra verkefna sem tilgreind eru í stefnumörkun. Það skýrist mikið

til af því að kraftar formanns og starfsmanns, sem og stjórnarinnar allrar hafa einkum farið í tvö meginverkefni á starfstímabilinu, sem nánar verður farið yfir hér á eftir. Óskandi væri að það þýddi að þau verkefni hefðu gengið vel en því er ekki að heilsa. Kemur þar ýmislegt til. Það verkefni bíður nýrrar stjórnar að fara yfir stefnumörkunina og endurskoða hana, en einnig er rétt að hvetja til þess að fulltrúar aðildarsveitarfélaga ræði innihald stefnumörkunarinnar á aðalfundi og veiti þannig nýrri stjórn veganesti inn í þá vinnu. Stefnumörkunin er fylgiskjal með þessari skýrslu stjórnar.

Starfshópur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um skattlagningu orkumannvirkja

Annað meginverkefni starfstímabilsins var seta í starfshóp með það hlutverk að finna leiðir til skattlagningar á mannvirki sem framleiða og flytja orku og eru ekki skattskyld í gildandi lögum, en í ársbyrjun 2019 óskaði samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið eftir tilnefningu fulltrúa í þennan hóp, eftir töluverðan þrýsting af hálfu SO. Í hópnum eiga sæti, auk fulltrúa SO, fulltrúi frá Sambandinu, tveir fulltrúar Samorku og fulltrúar atvinnuvegaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins, auk formanns sem skipaður er af samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Þá starfa fulltrúar frá Þjóðskrá Íslands með hópnum. Þessum starfshópi var ætlað að vinna úr niðurstöðu sambærilegs starfshóps, um endurskoðun á ákvæðum laga um skattlagningu á mannvirki sem byggð eru í þeim tilgangi að framleiða og flytja raforku, sem var skipaður af innanríkisráðherra í júní 2016. Afurð hans var samantekt á sjónarmiðum þeirra aðila sem fulltrúa áttu í starfshópnum ásamt tillögu um að tekin yrði af hálfu stjórnvalda afstaða til tiltekinna álitafna sem tilgreind voru.

Skemmst er frá því að segja að þrátt fyrir mun sterkara erindisbréf en það sem fyrri starfshópur hafði og einarðan málf lutning fulltrúa SO og Sambandsins í hópnum, er niðurstaðan sú að ekki næst sameiginleg niðurstaða og er nú unnið að því að taka saman lokaskýrslu þar sem fulltrúar í hópnum koma hver fyrir sig sínum sjónarmiðum á framfæri. Fulltrúar Sambands sveitarfélaga og SO skila sameiginlegu áliti inn í lokaskýrsluna og hefur það verið sent ráðuneytinu. Þessi niðurstaða úr vinnunni eru sár vonbrigði og ljóst að enginn vilji var af hálfu Samorku til þess að gera neinar breytingar á skattaumhverfi raforkufyrirtækja, sveitarfélögum á nærsvæðum virkjana til hagsbóta. Baráttan mun því halda áfram af hálfu SO og Sambandsins. Spyrja má sig hvers vegna Samorka sá ástæðu til þess að tilnefna fulltrúa í þennan hóp þegar ljóst er að enginn vilji var af þeirra hálfu til þess að vinna samkvæmt erindisbréfi hans.

Kynnisferð SO til Noregs

Hitt aðalverkefni starfstímabilsins var að vorið 2019 ákvað stjórn að í stað hefðbundinnar vorferðar innan lands, skyldi stefnt að því að fulltrúar í stjórn SO, ásamt fulltrúum aðildarsveitarfélaga, fyrirtækja og stofnana í orkugeiranum sem áhuga kynnu að hafa, færu í kynnisferð til Noregs. Var lagt upp með að í ferðinni yrðu norsku systursamtökin, LVK, heimsótt og einnig yrði farið í heimsókn til opinberra stofnana sem fjalla um orkumál og orkufyrirtækja. Einn megin tilgangurinn ferðarinnar yrði að kynna sér vindorkunýtingu, sem orðin er umfangsmikil þar í landi. Í þeim tilgangi var skipulögð heimsókn til norska vindorkufyrirtækisins Zephyr, bæði í höfuðstöðvar þess fyrirtækis og í vindorkugarð þeirra. Þessi heimsókn var skipulögð með aðkomu aðstoð forsvarsmanns fyrirtækisins Zephyr Ísland, sem er í eigu norska

fyrirtækisins. Umtalsverð vinna var lögð í skipulagningu ferðarinnar, sem áætlað var að yrði farin í þriðju viku marsmánaðar. Stjórn tók þá ákvörðun með skömmum fyrirvara að fresta för þar sem ástand mála vegna COVID-19 útilokuðu að hægt væri að fara í hana. Var ferðinni upphaflega frestað fram í október en síðan ákveðið að kanna hvort forsenda yrði til ferðarinnar í mars á næsta ári. Starfsmaður samtakanna hefur, með fulltingi stjórnarmanna þar sem því hefur verið við komandi, unnið að því að tryggja samtökunum endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, eða að því að tryggja að færa bókanir eða tryggja inneignir sem nýtist þegar ferðin verður farin.

Tafla 1. Yfirlit yfir greiddan kostnað vegna Noregsferðar

	Á mann	Alls (*9)	Niðurgr. (1)	Aðrir	Samtals	Þegar greitt	Inneign
Flug og gisting	189.900	1.709.100	100.000	849.500	2.658.600	2.658.600	1.054.200
Tekjur - aðrir þátttakendur				-659.600	-659.600		
Rútukostnaður Osló-Sarpsborg					159.700	159.700	0
Samtals	189.900	1.709.100	100.000	189.900	2.158.700	2.818.300	1.054.200

Samþykkt var að greiða ferðakostnað fulltrúa stjórn samtakanna sem og starfsmanns. Þá var ákveðið að samtökin myndu niðurgreiða ferðakostnað 1 fulltrúa ur hverju aðildarsveitarfélagi sem ekki ætti sæti i stjórn um 100 þús.kr. Þátttakendur i ferðinni voru 14 talsins, þar af átta úr stjórn ásamt starfsmanni, einn fra aðildarsveitarfélagi, tveir úr öðrum sveitarfélögum og svo tveir fulltrúar frá Samorku. Samtökin lögðu út vegna ferðakostnaðar fyrir alla þátttakendur, og hafa fengið að mestu greitt frá þeim aðilum sem greiða ferðakostnað úr eigin vasa. Samtals hafa samtökin því greitt ríflega 2,8 m. kr. í ferðakostnað. Þau hafa fengið greitt tæplega 660 þús. kr. Frá öðrum þátttakendum, og því er nettó kostnaður þeirra núna tæplega 2,2 m. kr. Inneign hefur fengist vegna millilandaflugs milli Íslands og Noregs og svo vegna innanlandsflugs i Noregi. Inneignir þessar gilda i eitt ár. Enn er ekki ljóst hvort sa hluti ferðakostnaðar er snýr að hótलगistingu sé sokkinn kostnaður eða hvort einhver inneign fáist þar. Eins er með rútukostnað.

Ljóst er að einhverjir fjármunir munu tapast vegna þessa, en markmiðið er að það verði sem allra minnst og að ferðin verði farin þegar faraldurinn verður yfirstaðinn. Þetta leiðindamál hefur hins vegar óneitanlega kostað töluverðan tíma og orku hjá starfsmanni og stjórn.

Orkufundur 2019

Samkvæmt samþykktum SO skal halda Orkufund þau ár sem ekki eru aðalfundir. Orkufundur ársins 2019 var haldinn 7. nóvember á Hilton hótél Nordica og var helgaður ör- og smávirkjunum. Var hann ágætlega sóttur og þar flutt forvitnileg erindi. Þau má finna á vef samtakanna, gegnum neðangreinda slóð, sem og á heimasíðu Sambandsins sveitarfélaga.

<https://orkusveitarfelog.is/fundir-og-radstefnur/orkufundur-2019/>

Almenn hagsmunagæsla

Venju samkvæmt er það einkum hlutverk formanns, en eftir atvikum einnig starfsmanns og annarra stjórnarmanna, að sitja fundi með ráðamönnum og tala máli samtakanna. Á starfstíma stjórnar hefur ekki verið mikið um slíka fundi en jafnan er gerð grein fyrir þeim í fundargerðum stjórnar.

Að lokum

Við lok starfstímabilsins er rétt að koma á framfæri þökkum til allra þeirra sem setið hafa í stjórninni, starfsfólks SO, samstarfsfólks hjá Sambandi sveitarfélaga og allra þeirra sem lagt hafa hönd á plóg í starfsemi samtakanna á liðnum árum.

F.h. stjórnar SO 2018-2020

Stefán Bogi Sveinsson

Formaður